



3. gr. reglugerðar um þjónustuaðila brunavarna, nr. 1067/2011  
38. gr laga um brunavarnir, nr. 75/2000

## Búnaður þjónustuaðila reykköfunartækja

Í 2. mgr. í grein 3 í reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011 segir:

„Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis skv. 1. mgr. er að viðkomandi þjónustuaðili hafi nægan fjölda hæfra starfsmanna í sinni þjónustu og að tilnefndur hafi verið ábyrgðarmaður í samræmi við 2. mgr. 5. gr. Jafnframt er skilyrði að þjónustuaðilar sem falla undir a. lið 1. mgr. hafi yfir að ráða mælum og öðrum tækjabúnaði til að geta innt þjónustuna af hendi með fullnægjandi og öruggum hætti. Mannvirkjastofnun setur leiðbeiningar um nauðsynlegan búnað fyrir hvert sérsvið..“

### Markmið

Markmið með leiðbeiningum þessum er að tryggja öryggi þeirra sem stunda reykköfun með því að þjónusta við reykköfunartæki sé af viðunandi gæðum og með þeim hætti að reykköfunartæki séu að fullu virk á hverjum tíma.

### Leiðbeiningar

#### Búnaður þjónustuaðila reykköfunartækja

Þjónustuaðili reykköfunartækja þrúfar reykköfunartæki sem heild eins og því er lýst í kafla 4 í staðlinum ÍST EN 137:

„*This apparatus comprises valved pressure vessel(s) and typically body harness, lung governed demand valve, pressure indicator(s), warning device(s), connecting hoses and tubes and full face mask.*“

Við prófunina er notaður prófunarbekkur sem þrúfar reykköfunartæki sem eina heild, með maska en án loftkúts, sem kvarðaður er fyrir þau tæki sem þjónustuaðilinn sækir um/ hefur starfsleyfi til að prófa.

Loftkúturinn skal prófaður samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um þrústibúnað og fellur ekki undir prófun þjónustuaðila reykköfunartækja.

Prófunarskýrsla frá prófunarbekki skal innihalda skráningu á öllum þáttum sem eru prófaðir og má nýta myndræna framsetningu í stað töflu þar sem prófa þarf yfir lengra bil t.d. þegar þrústingur í maska er prófaður og sýna þarf stöðugleika meðan þrústingur fellur frá hámarksþrústingi niður í lágmarksþrústing. Æskilegt er að niðurstöður séu sjálfvirk skráðar af prófunarbekki. Að öðrum kosti þarf að skrá niðurstöður með nægjanlega stuttu millibili til að endurspeglja mælitímabilið.

#### Prófunarbekkur

Prófunarbekkurinn þarf að vera gerður til að prófa eftirfarandi atriði:

1. Lekaprófun maska



Mælingin þarf að sýna fram á að a.m.k. 0,20mb H<sub>2</sub>O undir loftþrýstingi sé í maskanum eftir endað prófunartímabil sem er 10 sek. ±0,5 sek.

### 2. Útöndunarþrýstingur

Mælingin sýnir fram á að sá þrýstingur sem útöndunarventillinn opnar við sé innan þeirra marka sem framleiðandi tilgreinir

### 3. Prófun á þrýstimæli

Mælingin þarf að sýna fram á að nákvæmni þrýstimælisins sé innan ± 5 % af fullum skala mælisins.

### 4. Prófun á viðvörunarflautu

Mæling þarf að sýna fram á að nákvæmni viðvörunar (flæði, þrýstingur) sé innan þeirra marka sem framleiðandi tilgreinir

### 5. Öndunarmótstaða

Mæling þarf að sýna lágmarks og hámarks þrýsting í maskanum miðað við notkun samhliða því að öndunarmótstaða er mæld. Mælingin skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi tilgreinir

### 6. Þrýstijafnari

Mæling þarf að sýna vinnuþrýsting þrýstijafnarans við lágmarks- og hámarksloftflæði miðað við notkun samhliða því að öndunarmótstaða er mæld. Mælingin skal vera innan þeirra marka sem framleiðandi tilgreinir.

### 7. Framhjáhlaup þrýstijafnara

Mæling þarf að sýna að flæði í framhjáhlaupi sé innan þeirra marka sem framleiðandi tilgreinir.

### 8. Sjónskoðun á

Axlaólum/bakplötu,

slöngum,

loftkút,

viðvörunarflautu.

## Önnur verkfæri

Þrýstiloftgjafi sem tengdur er prófunabekknunum.

Sérverkfæri sem framleiðandi gerir kröfu um skulu vera fyrir hendi.



### **Kvörðun búnaðar**

Þjónustuaðili skal ávallt sjá til þess að búnaður sé í góðu lagi, hann kvarðaður í samræmi við lög og reglur og kröfur framleiðanda, og honum vel við haldið. Vottorði um löggildingu mælibúnaðar skal framvísað sé þess óskað.

### **Tilvísanir**

Lög um brunavarnir 75/2000

Lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006

Reglugerð um reykjöfun nr. 1088/2013

Reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011

Reglur um þrýstibúnað frá Vinnueftirliti ríkisins nr. 571/2000

ÍST EN 136 Öndunarfærahlífur - Heilgrímur - Kröfur, prófun, merking

ÍST EN 137 Öndunarfærahlífur - Séröndunarbúnaður með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás með heilgrímu - Kröfur, prófun, merking

Gátlisti Mannvirkjastofnunar 6.001

Verklagsregla Mannvirkjastofnunar 6.030

Skoðunarhandbók Mannvirkjastofnunar 6.007

NFPA 1852 Standard on Selection, Care, and Maintenance of Open-Circuit Self-Contained Breathing Apparatus (SCBA), 2013 Edition